

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, hringvegur í botni Hrútafjarðar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. júní 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, frá 9. júlí 2002.

Breytingin felst í því að vegstæði hringvegarins í botni Hrútafjarðar færist norðar.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Húnaþings vestra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 12. júní 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2007